

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 2
101 Reykjavík

Reykjavík 23. júní 2021

Umsögn um „Hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum – Drög að stefnu“

Mál nr. 129/2021

Umsögn

Stjórn Votlendissjóðs, VS, fagnar Hvítbók umhverfis – og auðlindaráðuneytisins um: Hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum – og telur þetta vera jákvætt skref í baráttunni við loftslagsbreytingar, „sem varðar tillögu að grunngildum og grunmarkmiðum stjórnvalda vegna hennar auk sérstæðra markmiða fyrir tiltekna malaflokka og samhæfingu aðlögunarvinnu“. Verkefnið eru ærin á því sviði, þó margt hafi vissulega áunnist á undanförunum áratugum.

Í inngangi að kynningu hvítbókarinnar á vefsíðu ráðuneytisins segir.:

„Aðgerðir til aðlögunar að loftslagsbreytingum, líkt og mótvægisáðgerðir vegna losunar, verða til í gegnum margþætt ferli rannsókna, vöktunar, greiningar, stjórnsýslu, ákvarðanatöku, útfærslu, framkvæmda, stöðutöku og endurmats“.

Hvað varðar málefni og markmið Votlendissjóðsins sem snerta aðlögun að loftslagsbreytingum þá eru það einkum ákvæði í 6. kafla um **Vatn og fráveitur**. Þar er fjallað um að aukin tíðni flóða geti kaffært vatnsból eða skemmt vatnsleiðslur. Ein afleiðing af framræslu votlendis er sú að framræslu skurðirnir flytja úrkomu og leysingarvatn mun hraðar til lækja og annarra vatnsfalla og auka þannig hættu á stærri flóðum en áður. Við endurheimt votlendis virkar votlendið eins og risastór svampur sem hægir á afrennsli úrkomu og leysingarvatns til vatnfalla og dregur þar með úr flóða hættu. Fyrir liggur að enn er verið að ræsa fram stærri votlendissvæði en tekst að endurheimta árlega og að reglur um þær framkvæmdir eru brotnar. Hér er lagt til að allt eftirlit með framræslu verði stóreflt. Stjórn Votlendissjóðs leggur því til að í stefnunna komi svohljóðandi málsliður: *Stefnan miði enn fremur að því að heimila eingöngu uppgröft úr eldri skurðum við tún og akuryrkju. Og í þeim tilvikum sem sveitarstjórnir heimilar nýja framræslu votlendis skuli framkvæmdaaðilar framræslunnar endurheimta votlendi til jafns við það sem tapast og verði það gert undir eftirliti Landgræðslunnar.*

Virðingarfyllst f.h. Votlendissjóðs,

